

# HS Veitur hf - Ársreikningur 31. desember 2019



Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2019 var samþykktur á fundi stjórnar í dag 28. febrúar 2020.

## Helstu atriði

Hagnaður af reglulegri starfsemi ársins 2019 var 1.051 m.kr. á móti hagnaði árið 2018 upp á 815 m.kr. Vegna niðurfellingar langtímaskuldar í kjölfar dóms Hæstaréttar var heildarhagnaður eftir skatta 1.592 m.kr. á móti 682 m.kr. árið 2018.

EBITDA var 2.701 m.kr. (37,7%) árið 2019 á móti 2.456 m.kr. (35,5%) árið 2018.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar. Eiginfjárhlutfall þann 31. desember 2019 er 46,7% en var 43,5% í ársbyrjun.

Veltufjárhlutfall var 2,12 þann 31. desember 2019 samanborið við 3,14 í árslok 2018.

Hluthafar félagsins eru fjórir, í lok árs áttu þrjú hluthafa yfir 10% hlut í félaginu:

|                           |        |
|---------------------------|--------|
| Reykjanesbær              | 50.10% |
| HSV Eignarhaldsfélag slhf | 34.38% |
| Hafnarfjarðarbær          | 15.42% |

## Almenn umfjöllun

Hagnaður af reglulegri starfsemi ársins 2019 var 1.051 m.kr. á móti hagnaði árið 2018 upp á 815 m.kr. Vegna niðurfellingar langtímaskuldar í kjölfar dóms Hæstaréttar var heildarhagnaður eftir skatta 1.592 m.kr. á móti 682 m.kr. árið 2018.

Tekjur hækkuðu um 3,53% á milli ára. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á árinu 2019 alls 7.170 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 3.671 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 2.180 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 686 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 633 m.kr. Sambærilegar tölur fyrir árið 2018 eru eftirfarandi: Rekstrartekjur 6.925 kr. þar af vegna raforkudreifingar og flutnings 3.726 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 2.131 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 618 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 451 m.kr. Ástæða lægri tekna af raforkudreifingu og flutningi er að flutningur vegna gagnavers var meðtalin 2018 en greiddur beint til Landsnets 2019. Hækkun tekna af annarri starfsemi er vegna mikillar hækkunar tengigjalda (95 m.kr.) og söluhagnaðar (58 m.kr.).

Kostnaðarverð sölu hækkaði um 88 m.kr. eða 1,9% á milli ára. Kostnaðarverð sölu nam 4.669 m.kr. árið 2019 (65,1% m.v. tekjur) á móti 4.581 m.kr. árið 2018 (66,1% m.v. tekjur). Meðal helstu rekstrarliða eru raforkuflutningur 1.040 m.kr. (14,5%), kaup á heitu vatni 770 m.kr. (10,7%), raforka vegna tapa í dreifikerfum 200 m.kr. (2,8%) og kaup á ferskvatni 72 m.kr. (1,0%). Alls nema þessir liðir þá 2.082 m.kr. eða 29,0% af tekjum.

Annar rekstrarkostnaður lækkar milli ára um 40 m.kr. (776 m.kr. 2019 en 816 m.kr. árið 2018). Þessi lækkun skýrist af því að hækkun lífeyrisskuldbindingar er ekki lengur til staðar eftir dóm Hæstaréttar á árinu (91 m.kr. árið 2018). Laun og launatengd gjöld hækka um 11 m.kr., skrifstofu og stjórnunarkostnaður um 32 m.kr. og sameiginlegar afskriftir um 8 m.kr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 674 m.kr. á árinu 2019 en voru neikvæð upp á 714 m.kr. á árinu 2018 eða alls lækkun á milli ára um 40 m.kr. Verðbætur langtímalána lækka um 101 m.kr., voru 340 m.kr. 2019 m.kr. á móti 441 m.kr. árið 2018. Vaxtagjöld lækkuðu um 55 m.kr., voru 487 m.kr. 2019 en 542 m.kr. 2018. Á móti kemur lækkun vaxtatekna um 122. m.kr., voru 274 m.kr. 2018 en 152 m.kr. 2019.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 292 m.kr. árið 2019 á móti 133 m.kr. árið 2018 en af tekjuskatti 2019 eru um 144 m.kr. vegna niðurfellingar langtímaskuldar. Tekið er fram að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti og var virk skattþrósentu því 15,5% árið 2019 en var 16,3% 2018.

EBITDA ársins 2019 er 2.701 m.kr. (37,7%) á móti EBITDA 2.456 m.kr. (35,5%) fyrir árið 2018.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru fastafjármunir HS Veitna hf þann 31. desember 2019 bókfærðar á 27.480 m.kr. og hækkuðu um 1.801 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í veitukerfum 2019 námu alls um 2.188 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.772 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 332 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 84 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í veitukerfum 3.037 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 2.037 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 887 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 112 m.kr. Aðrar fjárfestingar svo sem fasteignir, upplýsingakerfi og bifreiðar voru samtals 281 m.kr. á árinu 2019 en 169 m.kr. árið áður. Seld var fasteign á árinu 2019 fyrir 59 m.kr.

Eigið fé HS Veitna hf nam 14.403 m.kr. þann 31. desember 2019 (eiginfjárhlutfall 46,7%) en eigið fé í ársbyrjun var 13.310 m.kr. (eiginfjárhlutfall 43,5%).

Fjárhagsstaða félagsins þann 31. desember 2019 er sterk og horfur um rekstur þess góður. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og til að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Í áætlunum fyrir árið 2020 er gert ráð fyrir að fjárfestingar HS Veitna hf verði um 2.193 m.kr. en á móti verði seldar fasteignir fyrir 300 m.kr. Af fjárfestingunum eru 1.340 m.kr. í raforkukerfunum, 255 m.kr. í hitaveitukerfunum, 202 m.kr. í ferskvatnskerfunum og 396 m.kr. í öðrum fjárfestingum. Áætlað er að kaupa eigin hlutabréf fyrir 500 m.kr., afskriftir eru áætlaðar um 984 m.kr. og afborganir langtímaskulda 657 m.kr. Heildartekjur eru áætlaðar verða 7.288 m.kr., hagnaður 862 m.kr. og EBITDA 2.648 m.kr.

Helstu fjárhæðir úr ársreikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

|                                      | 2019              | %             | 2018              | %             | Breyting milli ára |
|--------------------------------------|-------------------|---------------|-------------------|---------------|--------------------|
| <b>Rekstrarreikningur</b>            |                   |               |                   |               |                    |
| Rekstrartekjur                       | 7,169,620         | 100.0%        | 6,925,080         | 100.0%        | 3.5%               |
| Kostnaðarverð sölu                   | ( 4,668,839 )     | ( 65.1% )     | ( 4,580,728 )     | ( 66.1% )     | 1.9%               |
| <b>Vergur hagnaður</b>               | <b>2,500,781</b>  | <b>34.9%</b>  | <b>2,344,352</b>  | <b>33.9%</b>  | <b>6.7%</b>        |
| Annar rekstrarkostnaður              | ( 775,956 )       | ( 10.8% )     | ( 815,881 )       | ( 11.8% )     | ( 4.9% )           |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði | 1,724,825         | 24.1%         | 1,528,471         | 22.1%         | 12.8%              |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld     | ( 673,756 )       | ( 9.4% )      | ( 713,780 )       | ( 10.3% )     | ( 5.6% )           |
| Hagnaður af reglulegri starfsemi     | 1,051,069         | 14.7%         | 814,691           | 11.8%         | 29.0%              |
| Niðurfelling langtímaskuldar         | 833,284           | 11.6%         | 0                 | 0.0%          |                    |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt            | 1,884,353         | 26.3%         | 814,691           | 11.8%         | 131.3%             |
| Tekjuskattur                         | ( 292,031 )       | ( 4.1% )      | ( 132,761 )       | ( 1.9% )      | 120.0%             |
| <b>Hagnaður ársins</b>               | <b>1,592,322</b>  | <b>22.2%</b>  | <b>681,930</b>    | <b>9.8%</b>   | <b>133.5%</b>      |
|                                      | <b>31/12/2019</b> |               | <b>31/12/2018</b> |               |                    |
| <b>Efnahagsreikningur</b>            |                   |               |                   |               |                    |
| Fastafjármunir                       | 27,479,576        | 89.1%         | 25,678,606        | 84.0%         | 7.0%               |
| Veltufjármunir                       | 3,375,102         | 10.9%         | 4,903,592         | 16.0%         | ( 31.2% )          |
| <b>Eignir samtals</b>                | <b>30,854,678</b> | <b>100.0%</b> | <b>30,582,198</b> | <b>100.0%</b> | <b>0.9%</b>        |
| Eigið fé                             | 14,402,618        | 46.7%         | 13,310,295        | 43.5%         | 8.2%               |
| Langtímaskuldir                      | 14,860,457        | 48.2%         | 15,710,611        | 51.4%         | ( 5.4% )           |
| Skammtímaskuldir                     | 1,591,602         | 5.2%          | 1,561,292         | 5.1%          | 1.9%               |
| <b>Skuldir og eigið fé samtals</b>   | <b>30,854,677</b> | <b>100.0%</b> | <b>30,582,198</b> | <b>100.0%</b> | <b>0.9%</b>        |
| <b>Kennitölur</b>                    |                   |               |                   |               |                    |
| EBITDA                               | 2,700,607         | 37.7%         | 2,456,249         | 35.5%         | 9.9%               |
| Veltufjárhlutfall                    | 2.12              |               | 3.14              |               | ( 32.5% )          |
| Eiginfjárhlutfall                    | 46.7%             |               | 43.5%             |               | 7.3%               |

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200 / 860 5208.